

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um mælingar á þungmálmum og þrávirkum lífrænum efnum í hafinu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða mælingar eru gerðar reglulega hér við land á lífrænum þrávirkum efnum og þungmálmum í tengslum við umhverfisvöktun Íslendinga á lífríki sjávar?
2. Gefa mælingar til kynna að uppsöfnun sé að aukast? Óskað er upplýsinga um þróun magns frá því að mælingarnar hófust.
3. Eru vísbendingar um að einhvers staðar sé magn þessara efna tekið að nálgast mörk sem talin eru óæskileg frá mannelðissjónarmiði?
4. Eru uppi áform um að kanna sérstaklega magn þessara efna í langlífum tegundum sem eru tiltölulega ofarlega í fæðukeðjunni, svo sem háfi, hákarli og lúðu?

Skriflegt svar óskast.